

Fundargerð verkefnisstjórnar BB í Dalabyggð, fundur haldinn á Teams 9. mars. feb. 2022 kl. 11:00-11:40. 3. fundur nr. 03-2022.

Mætt voru: Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Þorgrímur Guðbjartsson, fulltrúar íbúa, Kristján Sturluson fulltrúi sveitarfélagsins, Ólafur Sveinsson fulltrúi SSV. Páll boðaði forföll.

Helga setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Á dagskrá er undirbúningur íbúðapings og önnur mál.

Undirbúningur íbúðapings:

Helga sagði frá íbúðapingi á Stöðvarfirði. Mæting var góð, alls um 60 þátttakendur í samfélagi sem telur um 200 íbúa. Þingið var líflegt og gróskumikið og umræðan góð. Helga telur þetta góða byrjun á verkefninu í Stöðvarfirði.

Rætt var um veitingar á íbúðapingi. Byggðastofnun mun ganga til samninga við Dalakot á grundvelli tilboðs.

Rætt var um framkvæmd íbúðapingsins, m.a. um tölvubúnað og aðstoð við Sigurborgu Kr. Hannesdóttur frá Ildi. Helga sagði frá því að mikilvægt væri að verkefnisstjórnin yrði Sigurborgu innan handar og gengi í tilfallandi verkefni á þinginu. Fram kom að auglýsing er tilbúin. Ákveðið var að útbúa dreifibréf til að senda í öll hús.

Önnur mál:

Af verkefnisstjóramálum:

Helga sagði frá því að nýráðinn verkefnisstjóri á Stöðvarfirði hefði mætt á þingið.

Kristján S. greindi frá því að sjö umsóknir hefðu borist um starfið í Dalabyggð. Unnið verður úr þeim við fyrstu hentugleika.

Stutt umfjöllun um Dalabyggð og verkefnið:

Rætt var um kynningartexta um verkefnið sem gæti hentað á heimasíðu Byggðastofnunar. Fulltrúar Byggðastofnunar munu fara í málið í samstarfi við Dalabyggð.

Möguleiki íbúa að koma málum á dagskrá:

Bjarnheiður sagðist hafa verið spurð um hvort hægt væri að koma hugmyndum að eftir að þingið hefur verið haldið. Kristján Þ. H. sagðist telja að út allan verkefnistímann muni verkefnisstjórn að fagna hugmyndum frá íbúum. Þær tillögur sem koma fram á íbúðapingi munu rata inn í greinargerð frá Ildi og þar með fá kynningu. Því er æskilegt að sem allra flestir íbúar og velunnarar Dalabyggðar mæti á þingið.

Stöðugreining:

Rætt var um stöðugreiningu og hvernig verkefnisstjórnarfulltrúar geta lagt lið í að skrifa greininguna.

Ósk um frekari upplýsingar um hvað fer fram í verkefninu Brothættar byggðir:

Rætt var um möguleikann á að taka saman stuttan texta um aðalatriðin og jafnvel hafa tengla á efni sem er til s.s. ársskýrslur, stefnumótun og fleira. Kristján Þ. og Helga tóku að sér að undirbúa drög.

Fleira ekki rætt,

Fundi slitið.

Fundarpunkta ritaði Kristján Þ. Halldórsson